


Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2019



Tvær bækur Önnu Sigurðardóttur, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár* og *Allt hafði annan róm í páfadóm*, voru gerðar aðgengilegar á bækur.is á árinu sem og bókin *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*.

Reykjavík, september 2020

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2019

Umsjón:
Rakel Adolphsdóttir

Yfirlestur:
Bragi Þorgrímur Ólafsson
Ragnheiður Kristjánsdóttir
Vilborg Eiríksdóttir



Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779

Netfang: kvennasogusafn@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>

www.facebook.com/Kvennasogusafn
www.twitter.com/Kvennasogusafn

Kvennasögusafn Íslands

Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1. janúar 1975 á heimili Önnu Sigurðardóttur á Hjarðarhaga í vesturbæ Reykjavíkur. Það varð hluti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafns (Lbs.-Hbs.) árið 1996 og flutti þá í Þjóðarbókhöfðu. Kvennasögusafn er staðsett á 1. hæð og gögn þess eru lánuð til afnota á lessal á sömu hæð. Hlutverk Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Þá miðlar safnið þekkingu um sögu kvenna, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir einkaskjalasöfn kvenfélaga sem og einstaklinga ásamt ýmsum skjölum sem tengjast íslenskum konum og sögu þeirra.

Stjórnarnefnd

Til stuðnings og ráðuneytis um málefni Kvennasögusafns Íslands starfar sérstök stjórnarnefnd og hefur gert frá árinu 1996, þegar Kvennasögusafn flutti frá Hjarðarhaga og í Þjóðarbókhöfðuna. Í hana skipuðu árið 2019: Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ, Vilborg Eiríksdóttir af hálfu Kvenfélagasambands Íslands og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Lbs.-Hbs.

Starfsmenn

Sérfræðingur safnsins er Rakel Adolphsdóttir. Ragnhildur Hólmgeirsdóttir leysti hana af frá ágúst vegna fæðingarorlofs. Aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum eftir atvikum. Eins tekur starfsmaður Kvennasögusafns þátt í öðrum verkefnum Lbs-Hbs eftir atvikum.

Starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og stuðla sjálfst að rannsóknum á safnkostinum.

Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna. Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleidis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berast því fyrirspurnir erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum sérfræðings safnsins: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif og fyrirlestrar.

Safnið var opið alla virka daga milli kl. 10–15 en sérfræðingur hafði lengri viðveru.

Kvennasögusafn var staðsett á 4. hæð Þjóðarbókhöðunnar í 20 ár en flutti haustið 2016 á 1. hæð þess. Þaðan eru sótt skjöl fyrir gesti til afnota á [lessal](#) á 1. hæð og þar er lengri opnunartími.

Fyrirspurnir og heimsóknir

Skráðar voru 135 fyrirspurnir sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, með tölvupóstum, gegnum samfélagsmiðla og með heimsóknum. Fyrirspurnirnar voru jafn fjölbreyttar og þær voru margar og mislangan tíma tók að vinna úr þeim. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum en einnig bárust fyrirspurnir frá erlendum aðilum, t.d. frá Austurríki, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Japan, Svíþjóð og Þýskalandi. Yfirleitt voru það erlendir fjölmiðlar í leit að upplýsingum um jafnréttissögu Íslands. Af innlendum fyrirspurnum var mest beðið um upplýsingar um kosningarétt kvenna, Rauðsokkahreyfinguna og Kvennafrídaginn. Nokkrir hópar komu í heimsókn og fengu fræðslu á vegum safnsins, t.a.m. Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST), bandarískir háskólanemar frá Agnes Scott College, nemar í grafískri hönnum frá Listaháskólanum o.fl. Í gestbók rituðu 132 manns nafnið sitt.

Þá voru um 172 útlán gagna á lessal 1. hæðar Þjóðarbókhöðunnar samkvæmt talningu gegnis. Áfram er unnið við að strikamerkja safnkost Kvennasögusafns svo útlán á gögnum þess verði betur skráð.

Aðföng

Sextán einkaskjallasöfn voru afhent á árinu en auk þess komu inn nokkrar aðrar gjafir á borð við bækur, tímarit, ljósmyndir og einstaka muni. Þessum gjöfum er ráðstafað eftir því sem þykir henta best hverju sinni. Af nýjum einkaskjallasöfnum má taka sem dæmi skjöl Ljósmaðrafélagsins sem fagnaði aldarafmæli sínu árinu, bréfasafni Sigrúnar Guðbrandsdóttur (1912-2002) kennara sem og allstórum einkaskjallasöfnum frá annars vegar Bryndísi Steinþórsdóttur (1928-2019) kennara og Rannveigu Tómasdóttur (1911-2005) höfundar. Þá

bættist við í safn Rauðsokkahreyfingarinnar. Ítarlegri lista yfir afhendingar ársins er hér að neðan en einnig má finna upplýsingar um flest skjalasöfn sem eru varðveitt á Kvinnasögusafni á vefnum www.kvinnasogusafn.is.

Vefir og samfélagsmiðlar

Kvinnasögusafn heldur sérvef. Innlit á vefinn voru alls 13.755 og flettingar voru 31.185, samkvæmt teljara. Þá sér safnið líka um facebook- og twittersíður. Í upphafi árs voru 1.696 sem líkuðu við facebooksíðuna en í lok árs voru 1.924 sem gerðu það. Twitter fylgjendum hafði fjölgað um rúmlega 70 á árinu og voru í lok árs 363 talsins. Vinsælustu færslurnar á samfélagsmiðlum voru m.a. tengdar kvennafrídeginum 1975 þar sem ný [mynd](#) birtist úr einkasafni, eldri [skólareglur Kvinnaskólans](#) og um [Kristínu Bjarnadóttur](#) sem nýtti kosningarétt sinn í Reykjavík fyrst kvenna árið 1888.

Í ár voru útgefnar bækur Önnu Sigurðardóttur sem og bækur tengdar Ljósmeðrafélagi Íslands voru gerð aðgengileg á vefnum bækur.is.

Sýning

Í tilefni af 100 ára afmæli Ljósmeðrafélags Íslands var opnuð sýningin *Við tökum vel á móti þér* í Þjóðarbókhöfðu á degi ljósmeðra, sunnudaginn 5. maí. Ljósmeðrafélagið Íslands stóð að sýningunni í samstarfi við Kvinnasögusafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Við opnun sýningarinnar afhenti félagið skjalasafn sitt til varðveislu.

Kynjaþing

Kynjaþing var haldið í annað sinn af Kvenréttindafélagi Íslands laugardaginn 2. nóvember í Norræna húsinu. Dagskrá þingsins er skipulögð af félagasamtökum og grasrótarsamtökum og hugmyndin er sú að auka samræður milli þeirra sem er annt um jafnrétti í heiminum og gefa almenningi tækifæri til að kynna því helsta sem er að gerast í femíniskri umræðu. Ragnhildur Hólmgeirsdóttur setti upp örsýninguna „Hvenær verða baráttumál að baráttusögu?“ í anddyri hússins og kynnti starfsemi Kvinnasögusafns.

5. desember

Þann 5. desember 2019 hélt Kvinnasögusafn Íslands hið tvíárlega morgunkaffi sitt í samvinnu við Kvenréttindafélag Íslands. Fundurinn hófst klukkan átta og fór fram í fyrirlestrarsal

Þjóðarbókhöðunnar. Ragnhildur Hólmgeirsdóttir frá Kvennasögusafni Íslands opnaði fundinn. Arnheiður Steinþórsdóttir, MA-nemi í sagnfræði, kynnti lokaritgerð sína úr grunnnámi: „[Þegar konur lögðu undir sig útvarpið](#).“ Hún byggir meðal annars á nokkrum útvarpserindum sem varðveitt eru á Kvennasögusafninu. Anna Dröfn Ágústsdóttir, fagstjóri fræða við Hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ, og Lóa Auðunsdóttir, lektor í grafískri hönnun, kynntu rannsóknarverkefnið *Ásýnd íslenskrar kvennabaráttu* en í fyrsta hluta rannsóknarinnar, sem unninn var á Kvennasögusafni síðastliðið sumar, var sjónum beint að baráttumyndmáli Rauðsokkanna. Margrét Aðalheiður Þorgeirsdóttir, útskriftarnemandi frá grafískri hönnun, vann að því verkefni með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Tatjana Latinovic, formaður Kvenréttindafélags Íslands, lokaði fundinum. Fundurinn var vel sóttur og fór vel fram.

Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg í Svíþjóð. NIKK starfar á vegum Norðurlandaráðs og er ein af stofnunum ráðsins. NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Þessi söfn hafa með sér óformlegan félagsskap sem nefnir sig NING, eða Nordic Information Network Gender. Í ár fór fundurinn fram þann 23. maí í Þjóðarbókhöðu á vegum Kvennasögusafns og Jafnréttisstofu.

Aðföng 2019

Handrit og einkaskjöl

- 15. janúar 2019** afhenti Áslaug Ármannsdóttir bréfasamskipti móður sinnar, Sigrúnar Guðbrandsdóttur, og móðursystur, Guðfinnu Guðbrandsdóttur. Þær systur voru báðar kennarar. Safnið inniheldur einnig nokkur önnur bréf til Guðfinnu, ásamt samtíningi. Bréfin eru rituð á tímabilinu 1925–1959. [*Safnmark*: KSS 2019/1]
- 16. janúar 2019** barst um hendur Sigríðar Dagbjartsdóttur viðbót við skjalasafn Zontaklúbbs Reykjavíkur sem afhent var árið 2002 og er á safnmarkinu KSS 119. Þessi afhending fær sér safnmark og inniheldur skýrslur, greinagerðir og ljósmyndir klúbbsins. [*Safnmark*: KSS 2019/2]
- 24. janúar 2019** afhenti Sigrún Bragadóttir skjalasafn sitt með ósk um að það verði læst til næstu 10 ára. [*Safnmark*: KSS 2019/3]
- 6. mars 2019** barst um hendur Guðrúnar Valgeirsdóttur (f. 1955) til Ingibjargar S. Sverrisdóttur landsbókavardar nokkur skjöl Bjarneyjar Guðrúnar Hinriksdóttur (1919–2000) saumakonu. [*Safnmark*: KSS 2019/4]
- 15. mars 2019** afhenti Ljósmeðrafélag Íslands gögn félagsins sem telur fjölmargar öskjur og inniheldur fundargerðarbækur, skýrslur og fleira. Skjalaskrá sem Erla Dóris Halldórsdóttir vann fyrir félagið fylgdi með. Safnið var svo formlega afhent á sýningu um félagið sem opnaði þann 5. maí í Þjóðarbókhöðunni. [*Safnmark*: KSS 2019/5]
- 18. mars 2019** afhenti Vigdís Hallgrímsdóttir tvö aðskilin skjalasöfn einstaklinga. Annarsvegar launaseðil systur sinnar Valgerðar Hallgrímssonar frá því hún vann í síldarvinnu 1962 [*safnmark*: KSS 2019/6] og hins vegar tvær handskrifaðar bækur tengdamóður sinnar, Ingibjargar Magnúsdóttur, frá því sú síðarnefnda var á matreiðslunámskeiði á Laugarvatni 1935 [*safnmark*: KSS 2019/7].
- 29. mars 2019** kom Edda Margrét Jensdóttir með viðbót við safn Kvenfélags Gullbringu- og Kjósarhrepps, sem er þegar á safnmarkinu KSS 21, á Þjóðarbókhöðuna fyrir hönd félagsins. [*Safnmark*: 2019/8]
- 8. apríl 2019** móttók Kvennasögusafn sendingu sem barst í pósti frá Marie Johnson sem er búsett í Bretlandi. Sendingin inniheldur gögn rauðsokkahreyfingarinnar og fleira tengt íslenski kvennabaráttu en Anna gaf henni þau á árunum 1977–1979 fyrir rannsóknir. [*Safnmark*: KSS 2019/9]

- 13. ágúst 2019** sendi Matthildur Björnsdóttir handrit sín með tölvupósti og voru þau prentuð út á safninu og sett í öskju. Eru handritin meðal annars tækifærisljóð, sjálfsævisaga á ensku og hugleiðingar um áföll og úrvinnslu þeirra. Hluti skjalanna hafði verið sent með tölvupósti 17. september 2018 og var allt efnið skráð saman á sama safnmark.
[Safnmark: KSS 2019/10]
- 16. september 2019** barst um hendur Hólmfríðar Gunnarsdóttur bréf úr fórum Þorbjargar D. Árnadóttur en bréfin höfðu verið í búi Gunnars Árnasonar, bróður Þorbjargar. Þóra, dóttir Gunnars, tók við bréfunum úr búi hans en við andlát hennar sendi fjölskyldan bréfin til Hólmfríðar. Hún hafði áður afhent stórt bréfasafn Þorbjargar sem kom úr annarri átt og er það á safnmarkinu KSS 74. [Safnmark: 2019/11]
- 23. september 2019** afhenti Hjörtur Þórarinnsson víðfeðmt skjalasafn Bryndísar Steinþórsdóttur húsmæðrakennara. Inniheldur það meðal annars fjölbreytt gögn frá námi og kennsluferli Bryndísar, ljósmyndir, póesibækur, vinnubækur og prófskírteini. Einnig fatnaður og saumaskapur og höfundarteintök af matreiðslubók hennar *Við matreiðum*.
[Safnmark: KSS 2019/12]
- 10. október 2019** afhentu hjónin María Pálmadóttir og Sverri Þ. Sverrisson bréf, handrit, ljósmyndir og fleira önnur skjöl Rannveigar Tómsdóttur. Voru gögnin í þeirra fórum vegna fjölskylduvinskap en afi Maríu, Bjarni Jóhannesson rak rakarastofu ásamt Tómasi Tómassyni bróður Rannveigar. [Safnmark: KSS 2019/13]
- 4. nóvember 2019** afhenti hópur kvenna úr Rauðsokkahreyfingunni innrammað viðurkenningarskjal frá Jafnréttisráði sem þær höfðu fengið fyrir á árinu. Hópurinn hefur undanfarið unnið náið með Kvennasögusafni að gerð skjala- og upplýsingavefsíðu um hreyfinguna. [Safnmark: KSS 2019/14]
- 20. nóvember 2019** afhenti Kristín Jónsdóttir gögn frá starfi sínu í Rauðsokkahreyfingunni og Kvennalistanum, einkum á Reykjanesi, ásamt skjölum frá Femínistavikunni 2003 og fyrirlestri um Rauðsokkahreyfinguna frá 2010. [Safnmark: KSS 2019/15]

Annað

- 8. janúar 2019** kom Margrét Sæmundsdóttir með prentaðar bækur úr fórum Sigurveigar Guðmundsdóttur auk tveggja skjala sem voru sett með afhendingu frá 2018 og enn er óskráð.
- 28. febrúar 2019** Sendi Forlagið bókina *Áfram konur! Frelsi jafnrétti og systralag* sem Silja Aðalsteinsdóttir þýddi og kom út sama ár.
- 21. mars 2019** barst frá Félagi háskólakvenna viðbót við skjalasafn þeirra sem var afhent árið 2018 og enn er óskráð.

22. maí 2019 barst safninu óinnbundnar bækur af *Æviminningabók kvenna II* og *III*. Safnið á þegar eintök af þessum bókum en þessi eintök nýtast vel til myndunar fyrir vefinn bækur.is. Óvíst er hver afhenti.

desember 2020 gaf Málfríður Finnbogadóttir ævisöguna sem hún hefur ritað um Guðrúnu Lárusdóttur; *Er tíminn skundaði burt*. Málfríður hafði áður unnið með safninu að uppsetningu sýningar um Guðrúnu sem var opnuð á Þjóðarbókhöllu árið 2018.

5. desember 2019 gaf Kvenfélagasamband Íslands bókina *Kvennanna kjarkur og þor*.
Kvenfélag Grímsneshrepps í hundrað ár.

7. desember 2019 barst safninu óinnbundnar bækur af *Æviminningabók kvenna II* og *III* frá Jónínu Valsdóttur.